

# Kröfulýsing - Íþróttahús í Hafnarfirði



September 2013

## Efnisyfirlit

Formáli .....	3
1. Almenn atriði .....	4
2. Rekstur .....	5
3. Viðhald .....	6
4. Árangur og eftirlit .....	7
6. Fylgiskjöl .....	8

# Kröfulýsing - Íþróttahús í Hafnarfirði

## Formáli

Meðfylgjandi kröfulýsing er unnin að beiðni Rannveigar Einarsdóttur, sviðsstjóra Fjölskyldusviðs Hafnarfjarðar fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Við vinnslu hennar var rætt við íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, rekstrarstjóra Íþróttahúsa, fulltrúa frá íþróttafélögum, grunnaskólum og fl. Einnig var rætti við nokkra starfsmenn íþróttahúsanna til að fá upplýsingar og þeirra sýn á þjónustuna. Á fundum með þessum aðilum fengust all góðar upplýsingar er varða þjónustu íþróttahúsanna og helstu mál er snerta verkefnið.

Þá var farið yfir ýmsar reglur sem settar hafa verði og tengjast starfsemi og rekstri íþróttahúsa svo og lög og reglugerðir frá opinberum aðilum.

Í kröfulýsingu þessari eru settar fram lágmarkskröfur fyrir öll íþróttahús sem Hafnarfjarðarbær rekur, er með þjónustu- eða leigusamninga við eða þegar samið er um rekstur slíkrar þjónustu.



**September 2013,**

**Tryggvi Árnason**

# Kröfulýsing - Íþróttahús í Hafnarfirði

## 1. Almenn atriði

### 1. gr.

Eftirfarandi er kröfulýsing fyrir íþróttahús í Hafnarfirði. Í lýsingunni eru settar fram almennar kröfur til starfsemi í íþróttahúsinu og gildir hún um þá þjónustusamninga sem gerðir hafa verið eða verða gerðir um rekstur slíkrar þjónustu. Hlutverk þessarar lýsingar er að vera kröfuskjal með lágmarkskröfum sem Hafnarfjarðarbær gerir til þeirra aðila sem taka að sér rekstur íþróttahúsa og um þá þjónustu sem þar er veitt og skal veita.

Endurskoðun og útgáfustýring lýsingarinnar er í höndum Hafnarfjarðarbæjar í samvinnu við rekstraraðila/íþróttafélög sem eiga aðild að þjónustusamningi. Ef ástæða er til að breyta kröfum gerir Hafnarfjarðarbær breytingar á þessari lýsingu og gefur út nýja útgáfu.

Kröfulýsingin er notuð sem kröfuskjal með þjónustusamningi sem gerður er um rekstur íþróttahúsa og er lögð til grundvallar þegar gerð er úttekt á starfsemi þeirra.

Í kröfulýsingunni er Hafnarfjarðarbær nefndur þjónustukaupi og viðkomandi þjónustuaðili nefndur rekstraraðili.

### 2. gr.

Íþróttalög, nr. 64/1998, með síðari breytingum er sá lagarammi sem gildir um íþróttamannvirki og rekstur þeirra. Í 14. gr þessara laga er ákvæði um gerð reglna um öryggisráðstafanir í íþróttahúsum, þar á meðal eftirlit og voru þær settar árið 2002.

Ávallt skal gerður leigu- og/eða þjónustusamningur um rekstur og afnot íþróttamannvirkis og þjónustu á milli þjónustukaupa og viðkomandi rekstraraðila. Í slíkum samningi skal m.a. kveðið á um eftirfarandi:

- a. Lýsing húsnæði og afmörkun þess.
- b. Tímabil og tímasetningu á afnotum þjónustukaupa af húsnæðinu fyrir:
  - Íþróttakennslu skóla.
  - Íþróttastarf til úthlutunar hjá ÍBH.
  - Aðra starfsemi.
- c. Gagnkvæma upplýsingaskyldu vegna reksturs/þjónustu í húsnæðinu.
- d. Viðhald húsnæðis og búnaðar.
- e. Gjald þjónustukaupa til rekstraraðila fyrir afnot og/eða þjónustu og rekstur húsnæðis.

Starfssemi rekstraraðila skal uppfylla kröfur sem fram koma í kröfulýsingu þessari, fylgja lögum og reglum sem tengjast starfseminni svo og reglum sem settar eru af Hafnarfjarðarbæ og stofnunum hans.

# Kröfulýsing - Íþróttahús í Hafnarfirði

## 2. Rekstur

### 3. gr.

Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri mannvirkisins og ber að reka það á sem hagkvæmastan hátt án þess þó að það skerði öryggi og þjónustu við notendur. Rekstraraðila ber að fara eftir þeim lögum, reglugerðum og reglum sem eru til staðar og/eða verða settar um rekstur og starfsemi íþróttahúsa.

Áhersla skal lögð á ríka þjónustulund starfsmanna gagnvart notendum þjónustu, góð samskipti og áhuga á að leysa öll málefni sem upp koma hverju sinni. Ferli fyrir kvartanir og ábendingar skal vera til staðar fyrir þjónustukaupa, notendur þjónustu, starfsmenn og aðra aðila eftir atvikum. Halda skal utan um kvartanir og ábendingar sem berast og skulu þær vera aðgengilegar fyrir fulltrúa verkkaupa.

### 4. gr.

Rekstraraðili með **einn íþróttasal** skal hafa að lágmarki tvo starfsmenn, af sitt hvoru kyni, við störf í íþróttahúsinu hverju sinni við ganga- og baðvörslu á meðan starfsemin er í gangi.

Rekstraraðili með **tvo íþróttasali eða fleiri** skal hafa að lágmarki þrjá starfsmenn, og skal a.m.k 1 vera af hvoru kyni, við störf í íþróttahúsinu á hverjum tíma við ganga- og baðvörslu á meðan starfsemin er í gangi fyrir skólakennslu og íþróttæfingar iðkenda undir 16 ára aldri. Utan þess tíma skal hafa að lágmarki tvo starfsmenn, einn af hvoru kyni, við störf í íþróttahúsinu á meðan starfsemin er í gangi.

### 5. gr.

Rekstraraðili skal samviskusamlega fylgja eftirfarandi lögum og reglum og tryggja að þær séu aðgengilegar öllum starfsmönnum íþróttahússins.

- a. **Íþróttalög, nr. 64/1998**, með síðari breytingum.
- b. **Reglugerðir** sem settar hafa verið á grundvelli framangreindra laga eða annarra laga og snerta starfsemi íþróttahúsa.
- c. **Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ásamt viðauka og skýringum dags. í október 2002** settar af menntamálaráðuneyti og samþykktar af íþrótt- og tómsbundanefnd Hafnarfjarðar 7. ágúst 2003.
- d. **Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús**. Gerð var af menntamálaráðuneyti 2003.
- e. **Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum, dags. 22. ágúst 2008** samþykktar í íþrótt- og tómsbundanefnd Hafnarfjarðar 25. ágúst 2003 og staðfestar af fjölskylduráði Hafnarfjarðar 3. september 2003.
- f. **Reglur um þrif í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar** samþykktar í íþrótt- og tómsbundanefnd Hafnarfjarðar 11. febrúar 2013 og staðfestar af fjölskylduráði Hafnarfjarðar 20. febrúar 2013.

### 6. gr.

Rekstraraðili skal setja eftirfarandi reglur og áætlanir og hafa þær aðgengilegar fyrir alla starfsmenn íþróttahússins:

- a. **Umgengnisreglur** fyrir húsið samkvæmt 6. gr. reglna um öryggi í íþróttahúsum. Setja skal upp umgengnisreglur á áberandi stöðum í íþróttahúsinu í stærðinni A3.

# Kröfulýsing - Íþróttahús í Hafnarfirði

- b. **Rýmingaráætlun.**
- c. **Prifaáætlun.**
- d. **Annað** sem kveðið er á um í lögum, reglum eða samþykktum um starfsemi íþróttahúsa.

## 7. gr.

Rekstraraðili skal setja upp og viðhalda öryggismyndavélakerfi til eftirlits við inngang íþróttahússins, í anddyri, göngum og öðru sameiginlegu rými öðru en búningsklefum. Geyma skal upptökur í a.m.k. eitt ár.

## 8. gr.

Rekstraraðili skal reglulega, eða a.m.k. einu sinni á ári, fara yfir og kynna starfsmönnum alla þá þætti er lúta að áðurnefndum lögum, reglugerðum, reglum og áætlunum er varða starfsemi íþróttahússins. Farið skal yfir hlutverk starfsmanna og verkferla. Einnig skal rekstraraðili tryggja að nýir starfsmenn fái sömu kynningu áður en þeir hefja störf.

## 9. gr.

Á skólatíma er öll sölustarfssemi í húsinu bönnuð nema með samþykki íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Rekstraraðila er einum heimilt að stunda sölustarfssemi á íþróttasvæðinu að fengnum leyfum þar um frá opinberum aðilum og með samþykki íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Rekstraraðila er einum heimilt að selja auglýsingar í íþróttahúsinu.

Rekstraraðili fjármagnar öll sín tækjakaup og heldur um það eignaskrá.

Verði tjón á mannvirkjum, lóð eða búnaði íþróttahúss við aðra notkun en þá sem það er ætlað til, t.d. útleigu gegn gjaldi á vegum rekstraraðila, ber hann allan kostnað vegna þess.

## 3. Viðhald

### 10. gr.

Öll dagleg umhirða íþróttahúss og lóðar skal vera í höndum rekstraraðila og skal hann sjá til þess að ástand mannvirkis, búnaðar og lóðar sé á hverjum tíma eðlilegt miðað við þá starfsemi sem þar fer fram. Rekstraraðili sér um og kostar allt daglegt viðhald (rekstur) viðkomandi íþróttamannvirkis samkvæmt skilgreiningu í *Samkomulagi um skiptingu daglegs viðhalds (rekstrar) og viðhalds íþróttamannvirkja Hafnarfjarðarbæjar* frá 8. mars 2010.

### 11. gr.

Rekstraraðili skal láta framkvæma úttekt/ástandsskoðun á húsnæði, lóð og búnaði íþróttahúss að minsta kosti einu sinni á ári (fyrir 1. september ár hvert). Starfsmaður frá skipulags- og byggingafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar framkvæmi úttektina að viðstöddum fulltrúa frá rekstraraðila hússins og Fasteignafélagi Hafnarfjarðar. Þessi úttekt skal notuð sem vinnugagn við gerð áætlana um rekstur og viðhald hússins, lóðar og búnaðar þess.

# Kröfulýsing - Íþróttahús í Hafnarfirði

## 12. gr.

Rekstraraðili íþróttahúss skal setja fram óskir um viðhaldsverk og endurbætur húsnæðis og búnaðar í forgangs röð fyrir miðjan september ár hvert. Senda skal áætlunina til forstöðumanns Fasteignafélags Hafnarfjarðar eins og *Verklagsreglur í samskiptum forstöðumanna stofnana Hafnafjarðarkaupstaðar* frá 8. mars 2010 kveða á um.

Fasteignafélag Hafnarfjarðar gerir áætlanir um viðhald ár hvert og skulu þær liggja fyrir í ársbyrjun. Allar viðhaldsframkvæmdir á mannvirkjum og lóð eru háðar samþykki Fasteignafélags Hafnarfjarðar sem hefur yfirumsjón með þeim. Félagið segir til um hvenær og hvernig skuli vinna verkið og annast eftirlit og úttekt þess ásamt að samþykkja alla reikninga vegna þess.

## 4. Árangur og eftirlit

### 13. gr.

Rekstraraðili skal einsetja sér að beita gæða- og árangursstjórnun í starfseminni. Hann skal geta sýnt fram á þennan ásetning sinn.

### 14. gr.

Rekstraraðili sér um og ábyrgist að öll umgengni, þrif og daglegt viðhald mannvirkis sé í fyllsta samræmi við lög, reglugerðir, reglur og aðrar kröfur Hafnarfjarðarbæjar þar um. Auk lögbundins eftirlits, framkvæmt af þar til gerðum eftirlitsaðilum, sinnir þjónustukaupi eftirlitsskyldu þannig:

Eftirlit með samningi milli rekstraraðila og þjónustukaupa er á ábyrgð íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Hann skal kalla aðra aðila til eftir þörfum hverju sinni sér til aðstoðar. Eftirlitið skal m.a framkvæmt með beinu eftirliti með þjónustu rekstraraðila með því að ganga kerfisbundið úr skugga um að starfsemi hans uppfylli kröfur þjónustukaupa. Einnig skal framkvæma eftirlit í formi vettvangsúttekta samkvæmt fyrirfram áætluðum tímasetningum sem tilkynntar eru rekstraraðila með a.m.k. viku fyrirvara. Einnig með fyrirvaralausum vettvangsskoðunum ef þjónustukaupi fær rökstuddar vísbendingar um að kröfur séu ekki uppfylltar.

### 15. gr.

Starfandi skal vera samráðshópur þjónustukaupa og rekstraraðila íþróttahúss/íþróttafélags. Samráðshópnum er ætlað að hittast tvisvar sinnum á ári og fara fyrir stöðuna í rekstri og viðhaldi íþróttahúss, lóðar og búnaðar og benda á atriði sem betur megi fara í rekstrinum. Fulltrúi þjónustukaupa boðar fundi hópssins, ritar fundargerð og skráir niðurstöður funda hópssins.

### 16. gr.

Við endurskoðun á framkvæmd og fjármálum samninga sem og fylgigögnum þeirra er rekstraraðila skylt að afhenda fjármálaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar bókhaldsgögn og önnur gögn sem nauðsynleg eru við endurskoðun þeirra. Jafnframt er rekstraraðila skylt að veita aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru um starfssemi hans er snertir þjónustusamninga á milli aðilanna.

# Kröfulýsing - Íþróttahús í Hafnarfirði

## 6. Fylgiskjöl

1. Íþróttalög nr. 64/1998 með síðari breytingum með l. 126/2011 og l. 124/2012.
2. Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ásamt viðauka og skýringum, sem settar voru af menntamálaráðuneytinu í október 2002 og samþykktar af íþróttá- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar 7. ágúst 2003.
3. Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús, sem gerð var af menntamálaráðuneytinu 2003.
4. Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum, frá 22.08.2003, sem samþykktar voru í íþróttá- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar 25.08.2003 og staðfestar af fjölskylduráði Hafnarfjarðar 03.09.2003.
5. Reglur um þrif í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar, sem samþykktar voru í íþróttá- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar 11.02.2013 og staðfestar af fjölskylduráði Hafnarfjarðar 20.02.2013.
6. Umgengnisreglur í íþróttahúsum Hafnarfjarðar.
7. Samkomulag um skiptingu daglegs viðhalds (rekstrar) og viðhalds íþróttamannvirkja Hafnarfjarðarbæjar, frá 8. mars 2010.
8. Verklagsreglur í samskiptum forstöðumanna stofnana Hafnarfjarðarkaupstaðar, frá 8. mars 2010.